



9. maí 2023
Tilv. 2304024

Dreifibréf númer: 22/2023
til lánastofnana

Efni: Brottfall reglna um hlutfall stöðugar fjármögnunar lánastofnana

Með auglýsingu nr. 437/2023, sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum, eru reglur nr. 750/2021, um hlutfall stöðugar fjármögnunar lánastofnana, felldar brott.

Reglur nr. 750/2021, tóku gildi hinn 28. júní 2021 og voru settar með heimild í 4. mgr. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nú er að finna í 3. mgr. 117. gr. b laganna. Reglurnar byggðu alfarið á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II), er lúta að kröfum um stöðuga fjármögnun (e. net stable funding ratio, NSFR).

Með lögum nr. 38/2022, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum, sem tóku gildi 28. júní 2022, var CRR lögfest í heild hér á landi ásamt því að lögfestar voru aðrar reglugerðar sem breyttu CRR, m.a. CRR II, sbr. 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki.

Með brottfalli reglna nr. 750/2021 er ekki verið að breyta kröfum um stöðuga fjármögnun hér á landi. Ákvæði reglnanna eru samhljóða ákvæðum reglugerðar CRR um sama efni og ekki hafa verið innleiddar sértækar kröfur um stöðuga fjármögnun hér á landi. Áfram skulu lánastofnanir því uppfylla að lágmarki 100% hlutfall stöðugar fjármögnunar á hverjum tíma og skila áfram reglubundnum skýrslum um stöðuga fjármögnun, bæði hvað varðar heildarhlutfall og einstaka gjaldmiðla þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldum lánastofnunar (e. *significant currency*) í samræmi við CRR.

Í CRR er kveðið á um heimild aðildarríkja til að gera sérstakar kröfur í þeim tilgangi að lágmarka gjaldmiðlamisræmi með því að takmarka hlutfall nauðsynlegrar stöðugar fjármögnunar í tilteknum gjaldmiðli sem mæta má með tiltækri stöðugri fjármögnun í öðrum gjaldmiðli. Slík takmörkun má einungis leggja á reikningsskilagjaldmiðil eða gjaldmiðil yfir framangreindum viðmiðunarmörkum.

Lánastofnanir bera eftir sem áður almenna skyldu til að tryggja að gjaldmiðlasamsetning fjármögnunar sé í samræmi við gjaldmiðlasamsetningu eigna, sbr. 5. mgr. 428. gr. b reglugerðar CRR. Seðlabankinn kann að bregðast við

misræmi í gjaldmiðlasamsetningu með nýrri reglusetningu eða í gegnum SREP ferlið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Haukur C. Benediktsson
frankvæmdastjóri

Vigdís Ósk Helgadóttir
forstöðumaður

